

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar 2008.

Í dag 22. apríl 2009 var ársreikningur Stykkishólmsbæjar 2008 tekinn til fyrri umræðu. Eins og sveitarstjórnarlög kveða á um, skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn. Seinni umræða verður 20. maí n.k.

Í reglugerð nr. 944/2000, um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi 1. janúar 2001, eru ákvæði um reikningsskil sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir að sveitarfélög hagi bókhaldi sínu og reikningsskilum í samræmi við ákvæði laga um bókhald nr. 145/1994 og ársreikninga nr. 144/1994 að svo miklu leyti sem sveitarstjórnarlög mæla ekki fyrir á annan veg eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Ársreikningar sveitarfélaga skulu byggðir á almennum reikningsskilaaðferðum.

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2008 byggir á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður í samræmi við framangreind lög og reglur.

Helstu lykiltölur:

Rekstrartekjur ársins 2008 í þús. k.r.	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrartekjur	670.456	620.660	719.732	644.625
Rekstrargjöld án afskriftum	599.818	546.779	621.659	566.754
Rekstrarmiðurstaða án fjármagns liða	70.638	73.881	98.072	77.871
Afskriftir	-35.560	-25.850	-50.794	-41.150
Fjármagnsliðir	-86.335	12.351	-176.836	-23.810
Rekstrarmiðurstaða	-51.257	60.382	-129.558	12.911
Efnahagur samstaðu pr. 31.12.2008 í þús. k.r.	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Fyrri ár	Ársreikningur	Fyrri ár
Eignir				
Fastafjármunir	1.498.313	1.448.020	1.535.908	1.526.889
Veltufjármunir	301.511	236.921	225.508	180.262
Eignir samtals	1.799.824	1.684.941	1.761.416	1.707.151
Skuldir og eigið fé				
Eigið fé	689.072	740.329	429.291	558.848
Skuldbindingar	210.065	191.014	210.065	191.014
Langtímaskuldir	735.530	602.614	926.449	801.954
Skammtímaskuldir	165.157	150.984	195.611	155.335
Skuldir og eigið fé samtals	1.799.824	1.684.941	1.761.416	1.707.151

Sjóðsstreymi ársins 2008 í þús. kr.	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrarniðurstaða	-51.257	60.382	-129.558	12.911
Veltufé frá rekstri	90.070	98.318	95.550	86.147
Handbært fé frá rekstri	79.867	58.318	93.224	46.147
Fjárfestingarhreyfingar	-71.905	-75.000	-83.411	-81.500
Fjármögnunarhreyfingar	17.723	40.000	15.872	30.000
Hækkun á handbæru fé	25.685	23.318	25.685	-5.353

Í hlutfalli við rekstrartekjur	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Skatttekjur	56,67%	58,82%	52,79%	58,03%
Framlög jöfnunarsjóði	25,79%	22,90%	24,03%	22,05%
Aðrar tekjur	17,03%	18,76%	23,15%	21,78%
Samtals	99,49%	100,48%	99,97%	101,86%
Laun og launatengd gjöld	57,70%	54,23%	54,78%	53,41%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	4,00%	0,34%	3,72%	0,00%
Annar rekstrarkostnaður	27,76%	33,53%	27,87%	34,19%
Afskriftir	5,30%	4,16%	7,06%	6,38%
Fjármagnsliðir, nettó	12,88%	-1,99%	24,57%	3,69%
Gjöld samtals	107,64%	90,27%	118,00%	97,67%
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	-8,15%	10,21%	-18,03%	4,19%

Í krónum á íbúa	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstur				
Rekstrartekjur samtals	608.399	563.212	653.114	584.959
Rekstrargjöld og fjármagnliðir	654.913	508.419	770.680	573.243
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	-46.513	54.793	-117.566	11.082

Í krónum á íbúa	Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur
Efnahagur	2008	2007	2006	2005
Eignir	1.633.234	1.528.985	1.208.995	1.076.307
Eigið fé	625.294	671.805	507.323	501.864
Skuldir og skuldbindingar	1.007.941	857.180	701.672	574.445

Aðrar lykiltölur	2008	2007	2006	2005
Veltufjárlutfall	1,83	1,57	1,52	
Eiginfjárlutfjall	38,29%	43,94%	41,96%	37,18%
Íbúatala 1.desember	1108	1102	1149	1165

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 719,7 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A- bæjarsjóð og B- hluta stofnanir og fyrirtæki, en þar af námu rekstrartekjur A-hluta þ.e. bæjarsjóðs 670,5 millj. kr.

Rekstrargjöld A og B hluta námu 849,3 millj. Þar af námu rekstrargjöld A-hluta bæjarsjóðs 721,8 millj. að meðtöldum hækkunum vegna lífeyrisskuldbindinga starfsfólks að upphæð 26,8 m.kr. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs var neikvæð um 51,3 millj. samkvæmt ársreikningi en neikvæð um 129,6 millj. kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2008 nam, eftir að lífeyrisskuldbindingar höfðu verið dregnar frá, 429,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé bæjarsjóðs 689,0 millj. kr.

Rekstarafkoma samantekins ársreiknings A og B hluta er neikvæð um 129,6 millj. kr. Meginátæður eru fyrir þessu eru:

- Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs A-hluti var neikvæð um 51,3 millj. Helstu ástæður þessarar rekstrarniðurstöðu má rekja til mikillar hækkunar fjármagnskostnaðar vegna hækkunar á verðtryggðum lánunum. Hækkun lánanna var gjaldfærð í rekstrarreikningi m.v. stöðu þeirra í lok ársins.
- Tap af Fasteignum Stykkishólms (FSH ehf) upp á 10,9 milljónir króna að stærstum hluta vegna hækkunar á verðtryggingum lána.
- Hallarekstur hafnarsjóðs var 11,4 millj.kr. og stafar að stærstum hluta vegna hækkunar á verðtryggingum lána.
- Hallarekstur Fráveitu er 42,8 millj.kr. og skýrir aukin fjármagnskostnaður vegna aukinnar verðbólgu þennan halla að mestu leiti.
- Hallarekstur Framkvæmdasjóðs er 13,3 milljónir kr. og stafar að stærstum hluta vegna hækkunar á verðtryggingum lána.

Það sem er jákvætt við rekstur bæjarsjóðs A og B hluta er að handbært fé frá rekstri er 93,2 millj.kr., ef ekki yrði farið í fjárfestingar og engin ný lán tekin, þá tæki það ekki nema 9,9 ár að greiða upp allar skuldir bæjarsjóðs Stykkishólmsbæjar.

Fjárfestingar voru 71,9 milljónir króna og vegur fjárfesting í gatnagerð þyngst, auk þess voru fjárfestingar í íþróttamannvirkjum og lausamunum.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,03%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts var 0,43% á íbúðarhúsnæði.

Álagningarhlutfall á aðrar fasteignir var 1,65%. Ársreikningurinn í heild sinni verður birtur á heimasíðu Stykkishólmþéjar.

Nánari upplýsingar veitir: Þór Örn Jónsson, bæjarritari, í síma 433-8100